

Fyrirspurn

til utanríkisráðherra um sérstök ákvæði í fríverslunarsamningum.

Frá Andrésí Inga Jónssyni.

1. Hvaða fríverslunarsamningar sem Ísland hefur gert eða á aðild að innihalda sérstök ákvæði um:
 - a. réttindi verkafólks,
 - b. umhverfismál,
 - c. mannréttindi?
2. Hver ber ábyrgð á því fyrir Íslands hönd að meta stöðu og þróun þeirra þátta sem slík ákvæði snerta á sem og möguleg brot á ákvæðunum? Hvernig er einstaklingum í viðkomandi ríkjum gert kleift að koma á framfæri ábendingum um möguleg brot gegn ákvæðunum?
3. Til hvaða úrræða er gripið ef þróun mannréttinda, umhverfismála eða réttinda verkafólks er á annan veg en samið var um? Hvaða dæmi eru um slíkt?
4. Hafa stjórnvöld skilgreint fyrir hvern fríverslunarsamning hversu langt neikvæð þróun á sviði mannréttinda, umhverfismála eða réttinda verkafólks þarf að ganga til að teljast brot á viðkomandi samningi? Til hvaða úrræða er gripið í slíkum tilvikum og hvaða dæmi eru um slíkt?
5. Hefur komið til álita að íslenska ríkið styðji við bakið á samtökum sem berjast fyrir mannréttindum, umhverfismálum eða réttindum verkafólks í ríkjum þar sem sérstök ákvæði eru um þá þætti í viðkomandi fríverslunarsamningi?

Skriflegt svar óskast.